

Reglur um fjárhagsaðstoð

I. kafli

Almenn atriði

1. grein

Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, sbr. og III. kafla þessara reglna.

Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sbr. og 15. og 16. gr. þessara reglna.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, og kanna rétt til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum, þ.m.t. lögum um námsstyrki.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. grein

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. grein

Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi sem metin er vinnufær, ekki sýnt virkni í atvinnuleit, hafnað atvinnutilboði eða sagt upp starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun er heimilt að greiða honum allt að hálfri grunnupphæð framfærslukostnaðar skv. 10. gr. reglna þessara þann mánuð og mánuðinn þar á eftir.

4. grein

Réttur fylgir lögheimili

Einstaklingar með lögheimili í Hvalfjarðarsveit geta sótt um fjárhagsaðstoð skv. reglum þessum. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þessar. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. grein

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er ýmist veitt sem styrkur eða lán. Lán skal aðeins veitt þeim umsækjanda sem sannanlega hefur ekki lánstraust hjá lánastofnunum. Ef umsækjandi óskar þess skal aðstoðin veitt sem lán og ef könnun leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna, sbr. 22. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Einstaklingar sem bíða eftir afgreiðslu á umsókn, s.s. hjá Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingum Íslands, sjúkrasjóðum stéttarfélaga, lífeyrissjóðum eða öðrum stofnunum, geta sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar einstaklingur hefur fengið bætur sínar greiddar aftur í tímann frá viðkomandi stofnun ber honum að greiða lánið til baka með eingreiðslu. Skal þess sérstaklega getið í skriflegri skuldarviðurkenningu með hvaða hætti og hvenær lánið skuli endurgreitt. Lánið skal vera vaxtalaust. Ekki skal veita nýtt lán ef eldra lán er í vanskilum. Ákvörðun um að breyta láni í styrk eða skuldbreyta láni skal tekin af fjölskyldu- og frístundanefnd.

6. grein

Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingarstofnun ríkisins og ljóst að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að sækja um aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en sex mánuði skulu kannaðir sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Umboðsmanns

skuldara ef við á. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. grein

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er ekki greidd aftur í tímann þrátt fyrir að umsækjandi hafi átt rétt á aðstoð en ekki leitað hennar. Fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar getur í undantekningartilvikum samþykkt að aðstoð skuli greidd að hámarki 4 mánuði aftur í tímann. Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð gildir rétturinn frá þeim tíma sem umsókn var móttækin og öll gögn hafa borist.

II. kafli

Umsókn um fjárhagsaðstoð

8. grein

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá fjölskyldu- og frístundanefnd og/eða félagsmálastjóra Hvalfjarðarsveitar. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4 gr. Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- a. Umsókn skal skilað inn rafrænt í gegnum íbúagátt Hvalfjarðarsveitar eða hún lögð fram hjá félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar. Umsókn skal undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað, þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur, eignir, skuldir, atvinnu, húsnæðisaðstæður, lögheimili, ríkisfang og dvalarstað. Umsókn skal vera undirrituð af umsækjanda eða talsmanni hans.
- b. Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs ásamt álagningarseðli, staðgreiðslufirlit umsækjanda sem og maka ef við á, tekjuyfirlit sem sýnir mánaðarlegar tekjur umsækjanda sem og maka ef við á ásamt gjöldum, afrit af launaseðlum umsækjanda og maka ef við á fyrir tvo síðustu mánuði ef um atvinnutekjur er að ræða.
- c. Aðrar greiðslur til umsækjanda og maka hans þegar við á þann mánuð sem umsóknin er lögð fram þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Fæðingarorlofssjóði, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarféлага og Sjúkratrygginga Íslands, bönkum, lánastofnunum eða öðrum aðilum.
- d. Viðbótarupplýsingar sem félagsþjónustan hefur aflað um hagi umsækjanda og rétt hans til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, sjúkrasamlagi, lífeyrissjóðum, verkalýðsfélagi, atvinnuleysistryggingum eða öðrum aðilum. Einnig upplýsingum um lánamöguleika ef slíkt á við.

Samráð skal hafa við umsækjanda áður en upplýsinga er leitað sbr. 59. og 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Heimilt er að hafna aðstoð ef umsækjandi neitar leyfis til að afla upplýsinga.

e. Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa staðfestingu frá Vinnumálastofnun um að beðið sé eftir bótum eða að viðkomandi sé á skrá vegna atvinnuleitar. Sé umsækjandi óvinnufær skal umsækjandi framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá Vinnumálastofnun, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.

f. Starfsmenn geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

g. Erlendum ríkisborgurum utan EES ber að framvísa skírteini um dvalarleyfi.

Umsókn fellur úr gildi ef umbeðin gögn berast ekki innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þar að lútandi.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.

III. Kafli

Réttur til fjárhagsaðstoðar

Mat á fjárbörf og útreikningur fjárhagsaðstoðar

9. grein

Mat á fjárbörf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárbörf til framfærslu, sbr. 10. gr. lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur sbr. 11. gr. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

10. grein

Grunnfjárhæð

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og getur numið allt að kr.229.773.-. Framfærslugrunnur vegna einstaklings hefur stuðulinn 1.0 en vegna hjóna og fólks í sambúð stuðulinn 1.6. Ofangreind upphæð breytist í janúar ár hvert samkvæmt samþykkt Fjölskyldu- og frístundanevndanefndar hverju sinni og almennt með hliðsjón af hækkun neysluvísitölu milli ára.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búi á heimilinu. Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að aukalegur kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Hafi umsækjandi ekki sýnt virkni í atvinnuleit, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil. Hafni umsækjandi vinnu skal aðstoð skerðast að hálfu þann mánuð er vinnu er hafnað og mánuðinn þar á eftir.

Þegar umsækjandi býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum, sem ætla má að taki þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti, skal reiknuð framfærsla sem nemur helmingi af reiknaðri fjárþörf.

Hafi einstaklingur sem býr í foreldrahúsum forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Kostnaði vegna húsnæðis er mætt með húsaleigubótum ef fólk leigir á frjálsum markaði og vaxtabótum hjá fólki sem hefur keypt sér íbúðir.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 15. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

Einstaklingar sem afplána fangelsisdóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð á meðan þeir sitja í fangelsi.

11. grein

Tekjur umsækjanda

Allar tekjur einstaklings og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinum á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar skattskyldar tekjur einstaklings og maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna.

- a. þ.e. mæðra- og feðralaun, atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, heimagreiðslur o.s.frv.
- b. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna þær honum til tekna, nema framvísað sé læknisvottorði.

12. grein

Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlismaður eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á láanafyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

Fjölskyldu- og frístundanefnd áskilur sér rétt til að leita eftir ráðgjöf fyrir viðkomandi umsækjanda frá umboðsmanni skuldara þegar nefndin telur þess þörf.

13. grein

Sérákvæði

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi og/eða launþegi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnumálastofnun og leiti að fullu starfi.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí. Með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsins, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan bús undanfarna tvo mánuði. Fjárförf skal miða við grunnfjárförf.

IV. kafli

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna

14. grein

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

- a. Heimilt er að veita **sérstaka fjárhagsaðstoð** til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir skólamáltíðir, og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tólmundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki kr. 10 % af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði.
- b. **Námsstyrkur:** Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 6 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.
- c. **Fæðingarstyrkur:** Heimilt er að veita fæðingarstyrk til foreldra sem eru að eiga sitt fyrsta barn og eru með tekjur á eða undir grunnfjárhæð og hafa átt við félagslega erfiðleika að etja. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins s.s. vagn, rúm o.s.frv. Hámarks aðstoð er 50% af grunnfjárhæð einstaklings.
- d. **Fermingarstyrkur:** Heimilt er að veita fermingarstyrk til foreldra, sem eru með tekjur á eða undir grunnfjárhæð, sem nemur 50% af grunnfjárhæð einstaklings.

15. grein Námsstyrkir

Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og aðstoðin miðast við grunnfjárhæð ásamt almennum skólagjöldum, innritunarkostnaði og bókakostnaði:

- a) Til einstaklinga/einstæðra foreldra 18 – 24 ára sem átt hafa við mikla félagslega erfiðleika og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla. Viðkomandi þarf að hafa haft atvinnutekjur undir kr. 1.000.000 undanfarna tólf mánuði. Aðstoðin skal vera liður í umfangsmeiri vinnu félagsmálastjóra sem miðar m.a. að því að gera viðkomandi kleift að lifa efnahagslega sjálfstæðu lífi.
- b) Til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir án bótaréttar eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Leggja þarf inn umsókn tveimur mánuðum áður en námið hefst. Félagsmálastjóri og námsmaður skulu gera með sér samkomulag um hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og/eða einkunnir. Einkunnum skal þó ætíð skilað í annarlok. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu. Greiðslur frá TR sem nefnast framlag vegna menntunar ungmenna og/eða barnalífeyrir vegna náms sem umsækjandi kann að fá reiknast honum til tekna.

16. grein Sérstakir styrkir

- a. **Húsbúnaðarstyrkur:** a.) til öryrkja sem eru að hefja sjálfstæða búsetu, b.) til einstaklings sem hefur tekjur við eða undir grunnfjárhæð, er eignalaus og er að hefja búsetu eftir endurhæfingu eða dvöl á stofnun, c.) til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn. Hámarksaðstoð er 50% af grunnfjárhæð einstaklingsins. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.
- b. **Hátíðarstyrkur/jólastyrkur** getur numið allt að 50% af grunnaðstoð einstaklings og að öllu jöfnu aðeins veitt þeim sem eiga við sérstaka erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna 3 mánuði.
- c. **Greiðsluerfiðleikar:** Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluerfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnatækjum, öryggishnapp og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingarstofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða. Hámarksstyrkur til er 50% af grunnfjárhæð.

d. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð til greiðslu **sérfræðiviðtala** hjá geðlæknum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum:

- a. Einstaklingum sem búa við mikla og langvarandi félagslega erfiðleika.
- b. Einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem alvarlegu ofbeldi.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 50% af grunnfjárhæð einstaklings.

Styrkur til nauðsynlegra **tannviðgerða** fyrir fólk sem hefur átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða, eru öryrkjar eða hafa verið með tekjur við eða undir grunnfjárhæð sl. 6 mánuði. Hámarksstyrkur til tannviðgerða er 50% af grunnfjárhæð einstaklings. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal ávallt fylgja með umsókn.

e. Útfararstyrkir

Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Útfararstyrkur getur numið grunnfjárhæð einstaklings.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattaframtali hins látna.
- Launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

f. Styrkur eða lán til fyrirframgreiðslu húsaleigu og til tryggingar húsaleigu

Heimilt er að veita þeim sem hafa verið með fjárhagsaðstoð undanfarna tvo mánuði lán eða styrk til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum leigumarkaði.

Heimilt er að veita styrk eða lán til greiðslu tryggingagjalds vegna húsaleigu sem samsvarar þriggja mánaða leigu. Skilyrði er að viðkomandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá bönkum eða lánastofnunum.

Hámarksaðstoð er kr. 250.000.-

17. grein

Aðstoð vegna sérstakra erfiðleika

Heimilt er að veita einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki lán eða styrk vegna mikilla fjárhagslegra og félagslegra erfiðleika að uppfylltum öllum neðangreindum skilyrðum:

- a) Staðfest sé að umsækjandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana.
- b) Fyrir liggja yfirlit ráðgjafa fjölskyldu- og frístundanefndar eða umboðsmanns skuldara um fjárhagsstöðu umsækjanda og tillögur að úrbótum þegar við á.
- c) Fyrir liggja á hvern hátt lán eða styrkur muni breyta skuldastöðu umsækjanda til hins betra þegar til lengri tíma er litið.
- d) Fyrir liggja samkomulag um félagslega ráðgjöf og/eða fjármálaráðgjöf.
- e) Að öllu jöfnu skal viðkomandi vera í greiðsluþjónustu banka.
- f) Þegar um lán er að ræða skal greiðsluáætlun fylgja með umsókn.

Eigi er heimilt að veita styrki eða lán til greiðslu skulda við banka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir, s.s. greiðslukortafyrirtæki. Þá er hvorki heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu skattaskulda og sekta, né heldur til greiðslu skulda við einkaaðila.

Lán skal ekki veitt ef ljóst er að umsækjandi muni ekki geta staðið undir afborgunum af því.

V. kafli.
Málsmeðferð

18. grein
Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferð sbr. ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

19. grein
Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Sama á við ef fjölskyldu- og frístundanefnd eða félagsmálastjóra berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Fjölskyldu- og frístundanefnd og/eða félagsmálastjóri skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

20. grein
Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmanns hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

21. grein
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

22. grein
Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

23. grein

Niðurstæða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

24. grein

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi skjólstæðings er ætíð endurkræf og getur fjölskyldu- og frístundanefnd endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

25. grein

Ákvarðanir

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum tekur fjölskyldu- og frístundanefnd Hvalfjarðarsveitar og/eða félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar.

26. grein

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar skal kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að vísa ákvörðuninni til fjölskyldu- og frístundanefndar. Beiðni um áfrýjun til Fjölskyldu- og frístundanefndar þarf að berast innan 4 vikna frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

27. grein

Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Fjölskyldu- og frístundanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Fjölskyldu- og frístundanefndar Hvalfjarðarsveitar.

28. grein Gildistaka

Reglur þessar eru byggðar á leiðbeiningum velferðarráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 03.04.2007.

Samþykkt á 257. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 13. febrúar 2018.

Reglur þessar voru samþykktar á 279. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 22.01.2019.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 24. janúar 2022.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 5. febrúar 2020.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11. febrúar 2020.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 5. janúar 2021.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 12. janúar 2022.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 5. Janúar 2022.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 15. Janúar 2024

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 24. Janúar 2024

Reglur þessar taka gildi þann sama dag.